

# LÖG TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

## NAFN OG STJÓRN

### 1. grein

Félagið heitir Tæknifræðingafélag Íslands, skammstafað T.F.Í. Aðsetur félagsins er í Reykjavík. Um málefni T.F.Í. fjalla stjórn félagsins svo og félagsfundir.

## MARKMIÐ FÉLAGSINS

### 2. grein

**Markmið T.F.Í. er :**

Að gæta hagsmuna félaga í hvívetna.  
Að efla samstarf félaga og stuðla að aukinni tæknivæðingu á Íslandi og efla skilning á starfi tæknifræðinga.

### 3. grein

**Félagið vinnur að markmiðum sínum meðal annars með því að:**

- Halda uppi fræðslustarfsemi, svo sem erindaflutningi og endurmenntun í samvinnu við stofnanir og félög sem bjóða upp á slíka þjónustu.
- Gefa út fréttablað og stunda aðra útgáfustarfsemi.
- Stuðla að starfsemi sérgreinadeilda, sem fjalla um málefni hinna ýmsu tæknifræðigreina.
- Stuðla að starfsemi hagsmunafélaga, er gæta hagsmuna stéttarinnar.
- Sjá til þess að starfræktur sé lífeyrissjóður fyrir tæknifræðinga.
- Efla samskipti við samtök tæknifræðinga erlendis.
- Efla samskipti við önnur samtök háskólamenntaðra manna hérlendis og erlendis.
- Halda fundi um áhugamál félagsmanna.
- Efna til skoðunarferða.

## FÉLAGAR

### 4. grein

Almennir félagar geta þeir orðið sem lokið hafa burtfararprófi frá æðri tæknifræðiskólum viðurkenndum af þeim alþjóðasamtökum sem T.F.Í. er aðili að, nú FEANI.

## HEIÐURSFÉLAGAR

### 5. grein

Stjórn félagsins getur útnefnt sérhvern karl eða konu heiðursfélaga sem hún telur hafa leyst hafa af hendi mikilvæg störf á sviði tæknifræði eða framkvæmda. Til útnefningar heiðursfélaga þarf samhljóða atkvæði allra stjórnarmanna.

## AUKAÐILD

### 6. grein

Tæknifræðinemar sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í tæknifræði geta orðið aðilar að T.F.Í. með takmörkuðum réttindum og skyldum. Aukaaðilar hafa tillögurétt á félagsfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Aukaaðili getur ekki setið í stjórn T.F.Í.

## INNTAKA FÉLAGA

### 7. grein

Þeir sem óska eftir því að gerast félagar í T.F.Í. skulu senda skrifstofu félagsins umsókn sína á þar til gerðu eyðublaði ásamt afriti prófskírteinis, æviágrip og ljósmynd.

### 8. grein

Allar umsóknir um fulla aðild að félaginu skulu koma til umsagnar menntunarnefndar. Að fenginni umsögn menntunarnefndar tekur stjórn afstöðu til umsókna og séu þær samþykktar samhljóða er inntaka umsækjanda þar með endanlega samþykkt. Umsóknir um aukaaðild eru afgreiddar á stjórnarfundi. Sé ágreiningur í stjórn um afgreiðslu umsóknar, tekur félagsfundur endanlega ákvörðun.

## RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGA.

### 9. grein

Félagar hafa einir rétt til að kenna sig við félagið og nota skammstöfunina F.T.F.Í. með nafni sínu. Allir félagar hafa rétt til að vera félagar í einni eða fleiri deildum, með þeim takmörkunum, sem lög þeirra segja til um. Allir fullgildir félagar sem skuldlausir eru við félagið hafa atkvæðisrétt á félagsfundum.

### 10. grein

Félagsmönnum er skylt að fara eftir lögum félagsins og stéttarreglum. Sérhver almennur félagi er skyldur til að verða við kosningu til starfa í félaginu, nema gild forföll hamli, en getur neitað endurkjöri jafn langan tíma og hann hefur gegnt störfum.

## **SKIPULAG.**

### **11. grein**

Æðsta vald í málefnum félagsins hefur aðalfundur.

Starfssemi félagsins stýrir stjórnin undir forystu formanns, en framkvæmdastjóri og starfslið skrifstofu félagsins annast dagleg störf að málefnum þess.

Innan vébanda félagsins starfa deildir og hagsmunafélög samkv. 28.gr.

Fastanefndir starfa innan félagsins að sérstökum málefnum.

Félagið getur gerst aðili að öðrum samtökum.

## **FÉLAGSFUNDIR**

### **12. grein**

Félagsfundir skulu haldnir eins oft og ástæða þykir til.

Stjórnin getur boðið gestum á fundi félagsins. Hver félagi getur með leyfi formanns boðið gestum á félagsfundum.

Stjórn getur og ákveðið að einstakir fundir séu opnir almenningi og auglýst þá samkvæmt því. Hvern félaga skal boða skriflega til fundar.

Á fundum skal gefa skýrslur, halda fyrirlestra og hafa umræður um verkleg efni og önnur áhugamál félagsmanna.

Félagi, sem flytur erindi eða skýrslu á fundi T.F.Í., skal láta stjórninni í té ritaðan úrdrátt af því, er hann flytur, ef stjórnin óskar þess.

Umræður á fundum skulu skráðar af fundarritara í fundargerðarbók.

Stjórn félagsins getur látið birta í Tímariti T.F.Í. erindi og skýrslur, sem fluttar eru á fundum og útdrátt úr umræðum.

Án samþykkis félagsstjórnar má engar skýrslur birta um það, sem fram hefur farið á fundi.

Aukafundi skal halda, þegar stjórnin telur þurfa, eða 30 félagsmenn krefjast þess skriflega. Boði stjórnin ekki slíkan fund innan viku frá því að henni hefur borist krafan, geta þeir, sem fundar óska, sjálfir boðað til hans.

Formaður stýrir fundum. Þó skal formanni heimilt að tilnefna mann í sinn stað, ef hann óskar þess.

## **AÐALFUNDUR.**

### **13. grein**

**Aðalfundur skal haldinn í marsmánuði ár hvert.**

Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur, sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Síkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar.

### Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
4. Skýrslur fastanefnda.
5. Skýrslur deilda.
6. Skýrslur hagsmunafélaga.
7. Skýrsla lífeyrissjóðs T.F.Í.
8. Skýrslur fulltrúa T.F.Í. í öðrum samtökum.
9. Kjör formanns.
10. Kjör meðstjórnenda.
11. Kjör fastanefnda.
12. Kjör endurskoðenda.
13. Lagabreytingar.
14. Önnur mál.

Allar skýrslur sbr. liði 1-8, reikningsskil og fjárhagsáætlun skulu liggja frammi a.m.k. viku fyrir aðalfund.

#### 14. grein

Aukaaðalfund skal kalla saman, þegar stjórninni þykir ástæða til eða þegar 30 félagar óska þess skriflega.

#### 15. grein

Aðalfundir og aukaaðalfundir eru lögmatir, ef til þeirra er boðað bréflaga með 10 daga fyrirvara.

#### 16. grein

Afl atkvæða ræður úrslitum. Til breytinga á lögum félagsins þarf þó 2/3 atkvæða þeirra félaga sem sækja fundinn.

#### 17. grein

Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri, hann tilnefnir ritara. Fundargerðina skal bóka og bera upp til samþykktar í fundarlok. Þyki fundarstjóra efni til, getur hann frestað því til næsta fundar.

## STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI.

#### 18. grein

Stjórn félagsins er skipuð 7 félagsmönnum. Stjórnina skal kjósa með skriflegri atkvæðagreiðslu til 2 ára í senn, þannig að annað árið skal kjósa formann og tvo meðstjórnendur og hitt árið tvo meðstjórnendur. KTFÍ og STFÍ skipa hvort sinn mann til setu í stjórninni til tveggja ára í senn.

Einn varamaður skal kosinn til eins árs í senn. Tekur hann sæti í forföllum kjörins stjórnarmanns.

Stjórnin skal kjósa varaformann úr sínum hópi og skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir stjórnarkjör.

### **19. grein**

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum.

### **20. grein**

Forfallist formaður eða segi af sér tekur varaformaður sæti hans. Forfallist kjörinn meðstjórnandi eða segi af sér skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi.

### **21. grein**

Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfssvið. Framkvæmdastjórinn skal öllu jöfnu vera félagsmaður T.F.Í.

## **FJÁRMÁL.**

### **FÉLAGSGJÖLD.**

#### **22. grein**

Aðalfundur ákveður almennt félagsgjald, að fengnum tillögum stjórnar. Gjald dagar félagsgjalda eru tveir þ.e. 15. apríl og 15. sept. ár hvert. Heimilt er að greiða árgjald með jöfnum afborgunum að höfðu samráði við framkvæmdastjóra. Lendi félagsmaður í vanskilum með árgjald sitt er stjórninni heimilt að láta hann bera innheimtukostnað, auk vaxta. Skuldi félagsmaður áragjöld tveggja ára, getur stjórnin fellt nafn hans af félagaskrá að undanfenginni skriflegri viðvörðun. Félagsgjöld öðlast rétt á ný, ef hann greiðir upp skuldir sínar við félagið.

#### **23. grein**

Félagar búsettir erlendis greiða 1/2 árgjalds. Aukafélagar greiða 1/10 árgjalds. Heiðursfélagar greiða ekki árgjöld.

#### **24. grein**

Stjórn félagsins getur lækkað eða fellt niður félagsgjöld hjá einsökum félögum, ef henni þykir sérstakar ástæður mæla með því, t.d., ef laun félaga hafa minnkað verulega, vegna aldurs, sjúkleika eða af öðrum orsökum. Félagar, sem látið hafa af störfum vegna aldurs sjúkleika eða af öðrum orsökum, þurfa ekki að greiða félagsgjöld.

#### **25. grein**

Rekstrarkostnaður félagsins er greiddur úr félagssjóði. Hafi deildir sjálfstæðan fjárhag, rennur árgjald til deildar í sjóð hennar og skal hann standa straum af reksturskostnaði deildarinnar. Venjulegan kostnað af fundum deilda er heimilt að greiða úr félagssjóði eftir mati stjórnar. Félagssjóður ber fjárhagslega ábyrgð á útgáfu Tímarits T.F.Í.

## REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN.

### 26. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn setur á hverjum tíma reglur um bókhald. Reikningar félagsins skulu vera endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Reikningar skulu liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund og bornir fram til samþykktar á aðalfundi.

### 27. grein

Allir sjóðir félagsins, að undanskildum sjóðum deilda, sem hafa sjálfstæðan fjárhag, skulu vera í vörslu stjórnar, og skal hún sjá um að þeir séu ávaxtaðir á tryggan hátt. Um sérstaka sjóði félagsins skulu samdar reglur, og skulu þær samþykktar á aðalfundi og fjallað um þær eins og lög félagsins.

## DEILDIR OG HAGSMUNAFÉLÖG.

### 28. grein

Innan TFÍ geta starfað sérgreinadeildir, landshlutadeildir, klúbbdeildir og hagsmunafélög.

Sérgreinadeildir fjalla um einstök málefni hinna ýmsu tæknifræðigreina.

Landshlutadeildir eru samtök félagsmanna sem búsettir eru í hinum ýmsu landshlutum (héruðum).

Klúbbdeildir starfa að ýmsum áhugamálum félagsmanna sinna.

Hagsmunafélög eru Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands, skammstafað KTFÍ, og Félag stjórnenda og sjálfstætt starfandi í Tæknifræðingafélagi Íslands, skammstafað STFÍ.

Allir félagsmenn í TFÍ eru annað hvort félagar í KTFÍ eða STFÍ og ákveður stjórn TFÍ, að höfðu samráði við stjórnir hagsmunafélaganna, hvoru félaginu menn skuli tilheyra. Sérstök félagslög gilda um KTFÍ annars vegar og um STFÍ hins vegar.

Óski félagsmenn eftir að setja á stofn hagsmunafélag innan TFÍ skal senda um það umsókn til stjórnar TFÍ ásamt drögum að lögum fyrir félagið. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði.

Til samþykkis stofnunar hagsmunafélags nægir einfaldur meirihluti atkvæða á aðalfundi.

Lög sérgreinadeilda, landshlutadeilda og klúbbdeilda og breytingar á þeim skulu lögð fyrir aðalfund TFÍ til samþykktar.

Stangist lög undirdeilda eða hagsmunafélaga á við lög TFÍ gilda lög TFÍ.

Deildir og hagsmunafélög mega hafa sjálfstæðan fjárhag, en mega ekki koma fram opinberlega í nafni TFÍ nema með samþykki stjórnar TFÍ.

## **LÍFEYRISSJÓÐUR.**

### **29. grein**

Lífeyrissjóður T.F.Í. stofnaður á félagsfundi 4. maí 1965, starfar skv. sérstakri reglugerð. Stjórn T.F.Í. skipar einn mann til setu í stjórn L.T.F.Í og einn til vara.

## **FASTANEFNDIR.**

### **30. grein**

Ritnefnd TFÍ skipa minnst 3 menn tilnefndir af stjórn TFÍ.  
Ritnefnd annast útgáfumál TFÍ.

### **31. grein**

Menntunarnefnd TFÍ, skipa 4 menn, tveir kjörnir á aðalfundi og tveir til vara, en sá þriðji skal vera úr stjórn, og varamaður hans einnig. Fjórdi nefndarmaður sé fulltrúi félagsins í skólanefnd Tækniskóla Íslands og varamaður hans varaskólanefndarmaður. Nefndin skal fjalla um allar umsóknir um aðild að félaginu yfirfara prófskírteini og kanna stöðu þeirra tækniskóla, sem umsækjendur eru frá, sbr. 4. gr. Nefndin skal halda gerðarbók.

### **32. grein**

Endurmenntunarnefnd TFÍ skal kjósa á aðalfundi. Nefndin skal skipuð minnst fimm mönnum úr hinum ýmsu greinum tæknifræðinnar. Nefndin skal vinna að endurmenntun tæknifræðinga, ein sér eða í samráði við aðra aðila.

## **AÐILD AÐ SAMTÖKUM.**

### **33. grein**

Félagið getur gerst aðili að öðrum samtökum. Tillaga um aðild skal hljóta sömu málsmeðferð og lagabreytingar. Fulltrúar T.F.Í. í samtökum sem félagið er aðili að, skulu kosnir á aðalfundi.

## **ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA.**

### **34. grein**

Stjórn félagsins getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu. Þegar henni þykir ástæða til eða ef 50 félagar óska þess skriflega. Með allsherjaratkvæðagreiðslu má taka ákvörðun um öll þau mál, sem aðalfundir einir geta annars tekið ákvörðun um. Til samþykktar tillögu við slíka atkvæðagreiðslu þarf 2/3 greiddra atkvæða, og minnst 10% félagsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslunni.

Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram skriflega og skal senda öllum félagsmönnum kjörgögn og þær tillögur, er greiða skal atkvæði um, og tilkynna skilafrest á atkvæðaseðlum.

Frestur þessi skal ekki vera skemmri en 3 vikur.

Atkvæðaseðlar skulu sendir í pósthólf félagsins, og skal pósthólfsnúmer fylgja kjörgögnum. Þegar skilafrestur er útrunnin, skal stjórnin telja atkvæðin.

Stjórn félagsins skal birta úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu með því að senda öllum félagsmönnum skriflega tilkynningu um úrslitin.

## **GERÐARDÓMUR.**

### **35. grein**

Félagið tekur að sér að skipa gerðardóm til þess að fella fullnaðarúrskurð um ágreining í tæknilegum málum.

Reglur um skipun og störf slíks gerðardóms skulu hljóta sömu málsmeðferð og lög félagsins.

## **ÚRSÖGN.**

### **36. grein**

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna stjórn félagsins skriflega með fjögurra mánaða fyrirvara.

## **BROTTVIKNING.**

### **37. grein**

Brjótí félagsmaður lög eða aðrar samþykktir félagsins, eða komi á annan hátt þannig fram, að ekki samræmist markmiði félagsins eða heiðri stéttarinnar, getur stjórn félagsins veitt honum áminningu eða lagt til að honum verði vikið út félaginu, enda hafi viðkomandi félagsmanni verið gefinn kostur á að leggja fram skriflega greinargerð máli sínu til varnar.

Til að slík tillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta staðfestingu dómstóls félagsins. Dómstóllinn er skipaður fimm fyrirverandi formönnum félagsins, þeim er síðast gegndu því starfi.

Sé einhver þeirra forfallaður, tekur sá fyrirverandi formaður sæti í dómnum, sem gegndi starfi næst á undan þeim fimm o.s.frv.

Hlutaðeigandi félagsmaður og félagsstjórn ryðja hvor um sig einum manni úr dómnum. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í dómnum.

### **38. grein**

Skuld félaga fellur ekki niður við brottvikningu né úrsögn úr félaginu.

## LAGABREYTINGAR.

### 39. grein

- Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi, eða samkvæmt 34. grein.
- Tillögur um lagabreytingar, sem leggja á fyrir aðalfund, skulu birtar í fundarboði.
- Til lagabreytinga þarf 2/3 greiddra atkvæða.
- Lagabreytingar skulu birtar félagsmönnum.

## FÉLAGSSLIT.

### 40. grein

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar.

Félagsfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.

-----

### GILDISTÖKUÁKVÆÐI:

Lagabreytingar þessar taka gildi þegar í stað.

*Seinustu breytingar á félagslögum voru gerðar á aðalfundi TFÍ þann 24. mars 1995, á aðalfundi TFÍ þann 22. mars 1996, á aðalfundi TFÍ þann 20. mars 1998 og aðalfundi TFÍ þann 25. mars 1999.*

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.